



Fjöldi íslenskra vélhjólamanna klæddi sig upp í tweedföt í gær og óku þannig þrúðbúnir um götur Reykjavíkur í átaki til að safna áheitaferð til baráttunnar gegn krabba-meini í blöðruhálskirtli og sjálfsvígum meðal karla. Er um að ræða árlegan og fjölþjóðlegan viðburð sem á ensku nefnist The Distinguished Gentleman's Ride og gæti útlagst sem Herramansreið á íslensku. Vakti hersinginn mikla athygli vegfarenda. Þessir þrjú herra menn voru meðal þátttakenda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Oddvitinn í borginni sagður úti í horni

Allir bæjarstjórnar sem koma að samgöngusamningi ríkisins og sveitarfélaga eru Sjálfstæðismenn nema borgarstjóri. Oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni gagnrýnir áformin. Enn er ekki ljóst hvernig 60 milljarða sem vantar upp á fjármögnun verður aflað.

SAMGÖNGUMÁL Þó nokkrir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu urðu fyrir vonbrigðum með viðtökur oddvita flokksins í borginni, Eyþórs Arnalds, á nýjum samgöngusamningi ríkisins og allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem samþykktur var í vikunni. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Allir bæjarstjórnarnir sem eiga aðild að samkomulaginu, að Degi borgarstjóra undanskildum, eru samflokksmenn Eyþórs.

Forsætisráðherra, fjármálaráð-

herra og samgönguráðherra skrifuðu undir samkomulagið ásamt bæjarstjórn Reykjavíkur, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness en samkomulagið nær til fimmtán ára. Á tímabilinu verða 52,2 milljarðar lagðir í stofnvegi, 49,6 milljarðar í innviði borgarlínu og almenningssamgöngur, 8,2 milljarðar í göngu- og hjólastiga, göngubrýr og undirgöng og 7,2 milljarðar í bættu umferðarstýringu og sértækar öryggisáðgerðir.

Eyþór Arnalds hefur verið gagn-



Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn.

rýninn á samkomulagið og meðal annars kvartað yfir samráðsleysi við gerð þess. Þessu hafna flestir flokksfélagar hans á sveitarstjórnarstiginu. Eyþór hafi til að mynda verið boðaður á stóran samráðsfund þann 11. september en ekki mætt. Tveir fulltrúar Sjálfstæðis-

flokksins í sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu höfðu orð á því að eftir því hefði verið tekið.

Sveitarstjórnarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins segja efasemdir Eyþórs um veltolla, sem ekki hafa verið útfærðir, ótímabærar, en af þeim 120 milljörðum sem áætlaðir eru í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samningnum mun ríkið leggja til 45 milljarða og sveitarfélög 15 milljarða. Gert er ráð fyrir að sérstök fjármögnun standi straum af 60 milljörðum króna. Ekki liggur fyrir hvernig þeirra

fjármuna verður aflað, en fjármálaráðherra opnaði á það í ræðustól Alþingis í vikunni að til greina kæmi að selja ríkiseignir, til dæmis Íslandsbanka, til að mæta útgjöldunum við uppbyggingu samgöngumannvirkjana.

„Ekki er lengur deilt um samgönguvandann í höfuðborginni. Nýundirritaður sáttmáli um framkvæmdir, ljósastýringu og umferðarmódel staðfestir að grípa þarf til áðgerða. En fjármögnunin vekur spurningar,“ segir Eyþór.

- ósk / sjá síðu 4

★ LEIKHÚSKORT ★

30%
AFSLÁTTUR

4-7 sýningar og ýmis fríðindi

← EDA →

★ LÚXUSKORT ★

40%
AFSLÁTTUR


8 sýningar+ og ýmis fríðindi

Korta-
tilboðum lýkur
1. október



borgarleikhus.is

Veður



Norðlæg átt, 3-10 m/s. Skýjað og stöku skúrir á austanverðu landinu í dag, en bjartviðri V til. Hiti 4 til 12 stig að deginum.

SJÁ SIÐU 16



Purrkar settu strik í reikninginn í laxveiðinni 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lokin á lélegu veiðisumri

STANGVEIÐI Nú er veiði lokið í langflestum laxveiðiám landsins. Lokatölur staðfesta þá mynd sem blasað hefur við í allt sumar að laxveiðin hefur verið afar slök. Þetta á sérstaklega við um Vesturlandið en síður um ár á Norðausturlandi.

Sem dæmi má nefna veiðina í Norðurá í Borgarfirði sem var aðeins 577 laxar miðað við 1.692 laxa í fyrra. Er þetta lélegasta veiðin í Norðurá þau 45 ár sem upplýsingar á vef Landssambands veiðifélaga ná til. Í Svartá í Húnavatnssýslu veiddust 57 laxar sem er lakasta veiðin þar frá 1977. Veiði í ám í Vopnafirði og Þistilfirði var hins vegar mun betri. - gar

Hrap á lista um húsnæðisverð

HÚSNÆÐISMÁL Ísland er nú í 8. sæti í Evrópu á lista Eurostat yfir hækkunir á húsnæðisverði, með 8,2 prósent hækkun 2018. Er það lægsta sæti Íslands frá 2011. Árið 2017 var Ísland langefst með 19,5 prósent hækkun.

Ísland er enn vel fyrir ofan meðalhækkun ESB-svæðisins, 4,7 prósent. Mesta hækkunin varð í Portúgal, Írlandi og Slóveníu, í kringum 10 prósent. Aðeins varð verðlækkun á Ítalíu, þar sem verð hefur verið á stöðugri niðurleið í mörg ár, og í Svíþjóð þar sem húsnæðismarkaðurinn hefur verið mjög sterkur og stöð best af sér bankahrunið 2008. - khg

Þúsundir sóttu Vísindavöku Rannís



Um fimm þúsund og sjö hundruð manns lögðu leið sína í Laugardalshöllina á laugardag á Vísindavöku Rannís. Vísindamenn frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum kynntu rannsóknarverkefni sín á lifandi hátt. Gestir gátu fengið að prófa ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir og spyrja vísindamennina spjörnum úr. Yngri kynslóðin var ekki síst áhugasöm. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Frelsisflokknum refsað harkalega

AUSTURRÍKI Frelsisflokknum var harkalega refsað í austurrísku þingkosningunum í gær. Missti flokkurinn 19 af 51 þingmönnum sínum.

Sebastian Kurz forsætisráðherra boðaði til kosninga vegna spillingar-



Norbert Hofer, nýr leiðtogi Frelsisflokksins

máls sem upp kom tengt fyrrverandi leiðtoga Frelsisflokksins, sem er hægripópúlískur flokkur.

Ihaldsflokkur Kurz bætti við sig 11 þingsætum og er áfram stærsti flokkurinn með 73 þingmenn. Sósíaldemókratar töpuðu 11 mönnum en eru næststærstir með 41.

Græningjar eru sigurveggar kosninganna. Þeir fengu 23 þingmenn en náðu engum manni inn í kosningunum 2017. - khg

Styrkja nemendur um milljónir með myntsölu

Stofnun Leifs Eiríkssonar hefur veitt 420 milljónum íslenskra króna í námsstyrki á síðustu 18 árum. Stofnunin styrkir árlega um tíu nemendur til náms í Bandaríkjunum og á Íslandi og fær hver nemandi fyrir sig þrjár milljónir króna.

SAMFÉLAG Stofnun Leifs Eiríkssonar hefur veitt 420 milljónum íslenskra króna í námsstyrki á síðustu 18 árum. Stofnunin styrkir árlega um tíu nemendur til náms í Bandaríkjunum og á Íslandi og fær hver nemandi fyrir sig þrjár milljónir króna.

„Sjóðurinn varð til árið 2001 af hugmynd Steingrims Hermannssonar, þáverandi seðlabankastjóra, og Robert Kellogg, prófessor við Virginíu-háskóla,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, formaður stjórnar Stofnunar Leifs Eiríkssonar.

„Hugmyndin var sú að efla samskipti íslenskra og bandarískra háskóla. Slegin var mynt, bæði silfurdollari og þúsund króna silfurmynt, þær voru svo seldar og ágóðinn er þessi öflugri námsmannasjóður,“ segir Kristín. Sjóðurinn hefur veitt 3,1 milljón dollara, eða 420 milljónum íslenskra króna, í námsstyrki til íslenskra og bandarískra nemenda sem vilja fara í framhaldsnám.

„Fjöldi íslenskra nemenda hefur farið í nám í Bandaríkjunum og svo hafa Bandaríkjamenn komið hingað í nám. Hægt er að sækja um styrk til að fara í hvaða nám sem er í öllum skólum hérlendis og í Bandaríkjunum,“ segir Kristín.

Jennifer Grayburn er ein þeirra sem hlaut styrk frá stofnuninni og segir hún að tækifærið hafi breytt náms- og starfsferli sínum. Hún var við nám í Virginíu-háskóla sem er samstarfsaðili sjóðsins.

„Það var mikilvægur þáttur í mínu námi að læra forníslensku og það er ekki hlaupið að því að læra hana í Bandaríkjunum,“ segir Jennifer. Hún stundaði nám á meistara-stigi í miðaldrafræðum við Háskóla Íslands árið 2013–2014.



Jennifer Grayburn stundaði nám í miðaldrafræðum við Háskóla Íslands.



Kristín Ingólfsdóttir, formaður stjórnar Stofnunar Leifs Eiríkssonar.

„Ég hefði aldrei getað gert allt sem ég er búin að gera á mínum ferli ef ég hefði ekki fengið styrkinn,“ segir Jennifer. „Ég held að með því að hafa komið hingað og fengið að læra miðaldrafræði og forníslensku, hafi ferill minn tekið allt aðra stefnu en hann hefði annars gert,“ bætir hún við.

Jennifer naut dvalarinnar á Íslandi og gæti vel hugsað sér að dvelja hér meira. „Ég kynntist herna

fullt af fólki, meðal annars Jennýju Kristjánsdóttur, og við höfum unnið mikið saman síðan,“ segir hún.

„Mér líkaði land og þjóð svo vel að ég meira að segja giftist manningnum mínum herna árið 2015, við giftum okkur á Búðum,“ segir Jennifer, sem er stödd hér á landi ásamt stjórn sjóðsins og var á siglingu um Breiðafjörð þegar blaðamaður ræddi við hana.

„Núna er ég svo heppin að fá að taka þátt í því að velja úr umsóknunum þeirra sem sækja um styrkinn. Þetta er eitt það mest gefandi sem ég hef gert á mínum ferli, að fá að taka þátt í að veita einhverjum tækifærið sem ég fékk,“ segir hún. birnadrofn@frettabladid.is

ÚRVAL ÚTSÝN

Borgarfærð
GDANSK

31. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER
VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS


+PLÚS



Visindasmiðjan, sem miðlar vísindum til grunnskólanema og kennara þeirra með gagnvirkum og lifandi hætti, hlaut viðurkenningu sem afhent var við opnun Vísindavöku Rannís. Jón Atli Benediktsson háskólarektor og Guðrún Bachmann, kynningarstjóri vísindamiðlunar hjá Háskóla Íslands, veittu viðurkenningunni viðtöku úr hendi Hallgríms Jónassonar, forstöðumanns Rannís.

Fjöldmennni á Vísindavöku

Um fimm þúsund og sjö hundruð manns sóttu Vísindavöku Rannís á laugardag í Laugardalshöll. Vísindamenn háskóla, stofnana og fyrirtækja kynntu rannsóknarverkefni á lifandi hátt. Gestir gátu fengið að prófa ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir og spyrja vísindamennina spjörum úr. Yngri kynslóðin var ekki síst áhugasöm. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

RAV4 ALHLIÐA SPORTJEPPI. ALHLIÐA HYBRID.



50% RAFDRIFINN*

RAV4 – verð frá: 5.090.000 kr.

RAV4 Hybrid – verð frá: 6.190.000 kr.



Fimmta kynslóð þessa alhliða sportjeppa, stökkbreytt í útliti; glæsilegri með skarpari línur, völdugri á vegi. RAV4 er alhliða Hybrid, hljóðlátur í akstri og auk þess kolefnisjafnaður að fullu í samstarfi við Kolvið. Kynntu þér RAV4 með sjö ára ábyrgð hjá næsta viðurkennda söluaðila og njóttu þess að aka sporlaust til framtíðar. Orkuskiptin eru hafin.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni á byrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 36 látnir eftir alvarlegt rútslys Auk þeirra látinu eru níu alvarlega slasaðir en orsök slyssins er talin vera sprungið framdekk á rútnni.

2 Gunther hefur ekki talað við Rachel í fimmtán ár Furðulegi en elskulegi veitingamaðurinn Gunther, sem elskaði Rachel Green úr hæfilegri fjarlægð í heilan áratug, hefur ekki heyrt í henni í fimmtán ár.

3 Nærmynd af Bjarna Ben: Hjartahlýr og stríðinn en kann ekki að „tjilla“ Bjarni fær bestu hugmyndirnar í baði en kann ekki að tjilla. „Eins og Bjarni orðar það sjálfur, þá finnst honum nefnilega svo gott að slappa af með því að gera eitthvað,“ segir aðstoðarmaður fjármálaráðherra og vinkona.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Lögregla gómaði myndavélarpjófa

LÖGREGLUMÁL Talsverðu af fatnaði var stolið úr ferðatösku farþega í flugi frá Newark í síðustu viku, að því er kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurnesjum.

„Taskan hafði verið innrituð á Newark-flugvelli en þegar eigandinn sótti hana á færibandinu á Keflavíkurlugvelli reyndist hún vera umtalsvert léttari en við innritun ytra,“ segir í frétt lögreglunnar. Þá hafi verið tilkynnt um að myndavél hefði verið stolið frá farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

„Í myndavélakerfi sást að konan hafði misst litla tösku með myndavélinni í án þess að taka eftir því. Skömmu síðar bar að tvo menn sem sáu töskuna, skoðuðu það sem í henni var og hirtu myndavélina. Lögregla hafði uppi á hinum fingralöngu sem skömmu síðar og skiluðu vélinni. Konan brást glöð við þegar hún fékk eign sína aftur í hendur.“ - gar



Forystumenn undirrita samkomulag um uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Borgarstjóri segir tvísköttun á Reykvíkinga ekki á dagskrá

Formaður Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og borgarstjórinn í Reykjavík segja standa á ríkinu að semja um hvernig megi afla þeirra sextíu milljarða króna sem vantar upp á samgönguuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Veggjöld komi vel til greina, en ekki standi til að tvískatta borgarbúa.

SAMGÖNGUMÁL Útfærsla á veggjöldum sem hugmyndir eru uppi um að standi straum af sextíu milljörðum sem fara í uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu liggur ekki fyrir. Ekki er ákveðið að veggjöld verði endilega ofan á.

Fjármálaráðherra hefur opnað á hugmyndir um sölu ríkiseigna til að standa undir kostnaði. Af þeim 120 milljörðum króna sem áætlaðar eru í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samningnum leggur ríkið til 45 milljarða og sveitarfélög 15 milljarða. Eftir standa þeir sextíu milljarðar sem nú er þrátt að hvernig skuli afla.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, segir borgarbúa ekki mega borga tvöfalt.

„Gjaldtaka á að skila fjórum milljörðum á ári. Útfærslan liggur ekki fyrir. Það verður að tryggja jafnræði milli íbúa höfuðborgar-

svæðisins og landsbyggðar,“ segir Eyþór.

Rósa Guðbjartsdóttir, bærstjóri í Hafnarfirði og formaður Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, segir enga tvísköttun standa til.

„Ef veggjöld verða ofan á yrði slíkt ekki aukaskattur, heldur frekar tilfærsla innan skattkerfisins líkt og fjármálaráðherra ræddi um daginn. Það hefur aldrei staðið til að halda öllum sköttum á bifreiðaeigendum líkt og þau standa nú og bæta svo veggjöldum ofan á,“ segir Rósa.

„Skattaumhverfið mun breytast út af ofurskiptunum. Það er óumflýjanlegt,“ segir Rósa.

Eyþór segir að á síðustu fjórum árum hafi landsbyggðin fengið 5 milljarða í vegaframkvæmdir, en höfuðborgarsvæðið, þar sem tveir af hverjum þremur búa, hafi aðeins fengið 7 milljarða. „Hér þarf að tryggja hagsmuni borgarbúa betur.“

Jafnframt er opnað á það að í stað flýti- og umferðargjalda geti ríkið lagt fram bein framlög til að tryggja fjármögnun samkomulagsins.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Borgarstjóri segir stóra málið að tryggja fjármögnun og flýtingu brýnna samgönguframkvæmda.

„Borgarlínu, Miklubraut í stokk, hjóla- og göngustígum og svo framvegis. Alls kostar það 120 milljarða. Til að hægt væri að flýta þeim þurfti að gera ráð fyrir sérstakri fjármögnun. Hún þarfnast samþykktar Alþingis og hefur ekki verið útfærð en samkomulagið tryggir að sveitarfélögin hafi aðkomu að útfærslunni og að sambærileg gjöld verði lögð á um land allt en ekki aðeins á

höfuðborgarsvæðinu. Þessi atriði fannst okkur skipta mjög miklu máli þótt stóra málið hafi verið að tryggja fjármögnun heildarpakkans,“ segir Dagur B. Eggertsson.

Dagur bendir á að samkomulagið geri beinlínis ráð fyrir því að Keldnalandið verði skipulagt og það verðmæta land renni til uppbyggingar samgönguverkefnanna.

„Jafnframt er opnað á það að í stað flýti- og umferðargjalda geti ríkið lagt fram bein framlög til að tryggja fjármögnun samkomulagsins. Frá sjónarhóli borgarinnar og sveitarfélaganna skiptir mestu að heildarfjármögnunin sé tryggð en ríkið hefur töluvert svigrúm varðandi útfærsluna á því nákvæmlega hvernig hún verður.“

Dagur segir ótímabært að taka afstöðu til einstakra hugmynda um útfærslu veggjalda, en hið besta mál að sem flestar séu settar fram. olof@frettabladid.is

jeep.is

GOÐSÖGNIN NÝR JEEP® WRANGLER

JEEP® WRANGLER RUBICON

Rock-Track® fjórhjóladrif, Select-Trac® millikassi, Tru-Lock® 100% driflæsingar að framan og aftan, aftengjanleg jafnvægisstöng að framan, Heavy Duty fram- og afturhásing, 17" álfelgur, 32" BF Goodrich Mudtrack hjólbarðar, bakkmyndavél með bilastæðaaðstoð, bakkskynjarar, aðgerðarstýri, hraðastillir, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifnar rúður, rafdrifnir og uppþitaðir hliðarspeglar og fjarstýrðar samlæsingar.

WRANGLER RUBICON BENSÍN 273 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.
WRANGLER RUBICON DÍSEL 200 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.



RAFMAGNAÐIR
AKSTURSEIGINLEIKAR
CR-V HYBRID
- SEM HLEDUR SIG SJÁLFUR



HAGKVÆMNI SEM ÞÚ SÉRÐ

Upplifðu nútíma skilvirkni, án þess að takmarka akstursánægju þína. CR-V Hybrid framleiðir sitt eigið rafmagn; sjálfhleðsla, svo þú þurfir aldrei að stinga í samband. Skilvirkni CR-V Hybrid er ekki eingöngu mæld við bensindæluna, líka hvernig þú upplifir aksturseginnleikana. Sterk, en um leið létt bygging hans framkallar lipra og örugga aksturseginnleika og með háþrúðu fjöðrunarkerfinu verður aksturinn einstaklega þægilegur. Honda hefur framleitt Hybrid bifreiðar í meira en tuttugu ár - reynsla sem þú getur treyst á. CR-V Hybrid er með 5 ára ábyrgð á öllu Hybrid kerfinu frá framleiðanda, sem veitir þér hugarró, það er ávinningur að aka með tækni sem þú getur treyst.

OPÍÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



Bernhard - Honda á Íslandi

Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535



HONDA



Skæð pest herjar á hunda í Skandinavíu. NORDICPHOTOS/GETTY

Norski hundasjúkdómurinn til Svíþjóðar

SVÍÞJÓÐ Yfirvöld í Svíþjóð hafa staðfest að einn hundur hafi drepist úr sjúkdómi sem hefur sömu einkenni og komið hafa upp í Noregi undanfarnar vikur. Hinn sænski hundur hafði komið til Noregs á undanförunum tveimur mánuðum, en ekki hefur verið staðfest að hann hafi smitast þar.

Sjúkdómurinn hefur valdið dýralæknum í Noregi miklum heilabrotum en einkennin eru blóðugur niðurgangur, uppköst og mikil þreyta. Virðist hann leggjast á allar tegundir hunda, því þegar hafa meira en 90 tegundir hunda smitast.

Síðan í ágústbyrjun hafa nálægt 200 hundar í Noregi sýnt þessi einkenni og meira en 40 drepist. Þegar hafa hundaræktunarfélög í Svíþjóð og Danmörku bannað norska hunda á sýningum. - khg

Segir Johnson reyna að skapa óeirðir og læti

BRETLAND Keir Starmer, skugga-útgöngumálaráðherra, segir að Boris Johnson sé að reyna að skapa eins mikla úlfúð og læti og hægt er til þess að komast hjá því að sækja um útgöngufrest til Evrópusambandsins. Þetta sjáist best í orðalagi Johnsons og félaga hans, til að mynda varðandi hina myrtu þingkonu Jo Cox.



Keir Starmer, þingmaður Verkamanna-flokksins.

Árið 2004 kom stjórn Tony Blair á neyðarlögum sem nota má á ófriðartímum og gefur ríkisstjórnnum frekari völd en ella. Starmer telur að Johnson vilji fá þessa heimild til að knýja Brexit í gegn hinn 31. október. Fyrst þurfi að skapast aðstæður sem réttlæti að beita neyðarlögum, til dæmis óeirðir eða dauðsföll. - khg

Danir flykkust ofan í nýjar neðanjarðarlestarir í gær

KAUPMANNAHÖFN Nýtt neðanjarðarlestarakerfi var opnað í Kaupmannahöfn í gær og fjölmenntu Danir sem og ferðamenn í borginni í lestirnar enda ókeypis þennan fyrsta dag. Samkvæmt frétt Danmarks Radio stóðu börn og fullorðnir í löngum bíðröðum við margar af hinum sautján nýju lestarstöðvum.

Það var Margrét Þórhildur Danadrottning sem setti nýja lestarakerfið formlega í gang. Samkvæmt frétt DR vekur nýja kerfið mikla lukku



Margrét Þórhildur Danadrottning opnaði nýja lestarakerfið. NORDICPHOTOS/GETTY

meðal almennings. Hver lestarstöð er skreytt á sinn hátt og er það ekki sist þess vegna sem fólk er hrifið.

Rætt var við verkfræðinginn Ole Quistgaard sem kvað lestarakerfið góða fjárfestingu fyrir Kaupmannahöfn, íbúa höfuðborgarinnar og alla sem þangað koma. „Neðanjarðarlest heyrir til í stórborg,“ sagði Quistgaard.

Lestarævintýrinu fylgir þó að fargjöld í allt lestarakerfið hækka að meðaltali um eina danska krónu – jafnvirði 18 íslenskra króna. „Mér

finnst það svínari að það komi aukagjöld á öllum leiðum,“ hafði DR eftir Charlotte Axelsen sem býr í Frederiksberg.

Nýju stöðvarnar munu tengja Vesterbro, Frederiksberg, Nørrebro, Østerbro og miðbæinn og sagt er að lengsta ferðin taki að hámarki tólf mínútur. Engir lestarstjórar eru um borð og aka lestirnar á þriggja mínútna fresti á háannatímum. Með framkvæmdinni er áætlað að ferðir í neðanjarðarlestunum verði orðnar tvöfalt fleiri á næsta ári. - gar

Deila um virði Hótel Rangár

Viðskipti um hlut í rekstrarfélagi Hótel Rangár árið 2013 eru fyrir dómi. Fyrirverandi framkvæmdastjóri félagsins og hluthafi telur að snuðað hafi verið á sér og að umsamið kaupverðið hafi verið alltof lágt.

DÓMSMÁL Í næstu viku fer fram fyrirtaka í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli fyrirverandi hluthafa í Hótel Rangá gegn núverandi eigendum. Björn Nygaard Kers átti 17 prósent hlut í rekstrarfélagi Hótel Rangár, Hallgerði ehf., í gegnum félag sitt, Bob Borealis ehf. Hann kom að stofnun og uppbyggingu félagsins um árabíl og starfaði sem framkvæmdastjóri hótelsins frá árinu 2003 til 2010. Rekstrarfélagið keypti hlut Björns árið 2013.

Mótaðilinn ákvað að fara með málið fyrir dómstóla og það verður rekið þar.

Einar Þór Sverrisson, lögmaður Friðriks Pálssonar



Söluverð hlutarins var reiknað út frá rekstrarafkomu, eignum og væntum framtíðartekjum hótelsins. Framkvæmdastjórinn fyrirverandi telur að þær tölulegu upplýsingar hafi verið rangar og kaupverðið hafi því verið alltof lágt. Heldur hann því fram að á sama tíma hafi meirihlutaeigendur verið að reyna að selja hótelið áhugasömum fjárfestum og þar hafi mun aðrar og mun hagstæðari rekstrartölur verið kynntar.

Deilan hefur staðið yfir í nokkur ár án þess að náðst hafi sættir. Fyrir utan að stefna rekstrarfélaginu sjálfu fyrir dóm var Friðrik Pálssyni, stærsta eiganda félagsins, stefnt sem og dætrum hans, Mörtu Maríu og Ingibjörgu Guðnýju Friðriksdætrum.

Í skriflegu svari frá Einari Þór



Friðrik Pálsson, aðaleigandi Hótel Rangár, versti nú kröfum fyrirverandi hluthafa í dómsal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sverrisyni, lögmanni Friðriks og dætra hans, kemur fram að skjólstæðingar hans segi ásakanir Björns tilhæfulausar. „Mótaðilinn ákvað að fara með málið fyrir dómstóla og það verður rekið þar,“ segir í svarinu.

Hótel Rangá er eitt þekktasta

hótel landsins og rekstur þess hefur gengið vel. Fjölmargar erlendar stórstjórnur hafa gist þar og er hótelið vinsælt hjá erlendum kvikmyndaverum. Hótelið komst í heimsfréttirnar þegar Kardashian-systurnar og rapparinn Kanye West tóku þar upp þátt. Uppsafn-

aður hagnaður af starfseminni er um 650 milljónir króna síðan árið 2010 og arðgreiðslur til hluthafa numið 260 milljónum króna á tímabilinu. Friðrik Pálsson er langstærsti hluthafinn en eignarhlutur hans er 85 prósent. bjornth@frettabladid.is



RENAULT
Passion for life

EIGUM BÍLA Á SÉRKJÖRUM TIL AFHENDINGAR STAX



RENAULT TRAFIC CREW-VAN
6 SÆTA/FARANGURSRÝMI, DÍSIL, BEINSKIPTUR
Listaverð: 5.590.000 kr.
TILBOÐ: 3.830.645 kr. án vsk.
TILBOÐ: 4.750.000 kr. m. vsk.



RENAULT MASTER DOUBLE CAB
7 SÆTA/PALLBÍLL, DÍSIL, BEINSKIPTUR
Listaverð: 5.519.000 kr.
TILBOÐ: 3.782.258 kr. án vsk.
TILBOÐ: 4.690.000 kr. m. vsk.



RENAULT KANGOO EV
100% RAFBÍLL, SJÁLFSKIPTUR
Listaverð: 4.190.000 kr.
TILBOÐ: 3.560.000 kr.

Renault gengur í öll verk með rétta bílinn. Hvort sem þig vantar langan 6 manna, 7 manna pallbíl fyrir vinnuflokkinn eða snarpan og rúmgóðan rafbíl í útköllin. Komdu og veldu þér vinnufélaga.

BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is 

+PLÚS



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áheitareið herramanna

Fríður flokkur uppáklæddra vélhjólamanna leið í fylkingu um götur Reykjavíkur í gær og tóku þeir þannig þátt í fjölpjóðlegum viðburði þar sem herramenn víða um lönd söfnuðu áheitum til að styrkja baráttu gegn sjálfsvígum karla og gegn krabbameini í blöðruhálskirtli.



Jafnaðu þig hjá Orkunni



Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!



Lykil- og korthafar skrá
sig í kolefnisjöfnun
á orkan.is



7 króna afsláttur
af hverjum lítra fer
í kolefnisjöfnun



Votlendissjóðurinn
kolefnisjafnar þitt
framlag



Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is

Þjóðaröryggi



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Það fór vel á því að Þjóðaröryggisráð skyldi standa fyrir opnum fundum í september um fjölpátta ógnir. Þær ógnir beinast gegn öryggi ríkisins og lýðræðislegri stjórnskipan sem byggir á virðingu fyrir mannréttindum, frelsi einstaklingsins, trúfrelsi og jafnrétti. Með markvissum aðgerðum er grafið undan tiltrú almennings á stjórnvöldum, stjórnskipan og lýðræðislegri framvindu. Þetta geta verið hernaðarlegar aðgerðir eða óhefðbundnar, til dæmis tölvu- og netárásir eða undirróðursherferðir.

Á þetta var minnt í nýrri skýrslu Netranssóknarstofnunar Oxford-háskóla sem dró upp dökka mynd af umfangi upplýsingafölsunar ríkisstjórna og stjórnmalasamtaka. Falsreikningar samfélagsmiðla og nettröll dreifa upplýsingum til að móta almenningsálit í sjötíu ríkjum. Alvarlegust voru þó skilaboð skýrslunnar um mjög virka starfsemi sjö stórra ríkja í skipulegri miðlun falsfrétta utan eigin landamæra í því skyni að grafa undan trausti og mikilvægum gildum lýðræðis og mannréttinda.

Það er frumskylda hvers samfélags að tryggja öryggi borgaranna. Árið 2016 samþykkti Alþingi þjóðaröryggisstefnu mótatkvæðalaust. Þar var aðstoðjandi ógnunum ráðað eftir mikilvægi í þrjá flokka. Umhverfissvá, náttúruhamfarir ásamt netógnum og skemmdarverkum á innviðum samfélagsins er talið ógna þjóðaröryggi mest.

Á Íslandi er reynt að sporna við fjölpátta ógnum og stuðla að auknu netöryggi með ýmsum hætti. Unnið er að aukinni vitund almennings, fyrirtækja og stjórnvalda um hættur netglæpa. Áfallaþol stjórnsýslu er aukið með faglegri þekkingu og betri búnaði. Sérstakri netöryggisveit er ætlað að standa vörð um upplýsingainnvíði gegn tölvuárásum.

En netið er alþjóðlegt og kallar á samstarf ríkja og alþjóðlegra samtaka. Norðurlöndin hafa eftir samstarf sitt til varnar fjölpátta ógnum og netglæpum. Sama gildir um Evrópusambandið. Virk aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hefur hér einnig þýðingu því bandalagið hefur lagt æ meiri áherslu á sameiginlegar varnir gegn fjölpátta ógnum. Að auki er bein samvinna við Bandaríkin þýðingarmikil. Í samkomulagi frá 2006 sem stjórnvöld gerðu við Bandaríkjastjórn er kveðið á um reglubundið samráð og samstarf, meðal annars á sviði netöryggis.

Vægi fjölmiðla í baráttu gegn fjölpátta ógnum er mikið. Á það minnti Hjálmar Jónsson, formaður Bládamannafélagsins, á fundi Þjóðaröryggisráðs. Það væri stór áskorun að standa vörð um opna upplýsta umræðu sem sé grundvöllur að lýðræðislegri stjórnskipan. Tæknin bjóði endalæsa möguleika á dreifingu upplýsinga, kortlagningu hugsana, tilfinninga og væntinga. Slíkt geti leitt til vantrausts og sundrungar sem aftur leiði til ófgahyggju og lýðhygli.

En hluti af lausninni er sterkara starfsumhverfi hefðbundinna fjölmiðla. Frjálsir fjölmiðlar þurfa að tryggja gæði upplýsinga til almennings og efla hið lýðræðislega samtal. Veiking þeirra á síðustu árum hefur veikt varnir okkar gegn fjölpátta ógnum.



Frjálsir fjölmiðlar þurfa að tryggja gæði upplýsinga til almennings og efla hið lýðræðislega samtal. Veiking þeirra á síðustu árum hefur veikt varnir okkar gegn fjölpátta ógnum.

Halldór



Frá degi til dags

Greta kveikir í körlunum
Merkilegt hefur verið að fylgjast með viðbrögðum karla á miðjum aldri við Gretu Thunberg. Nú síðast Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Greta hefur náð að vekja athygli á loftslagsmálum með óhefðbundnum aðferðum. Afneitunarsinnar kunna ekki að bregðast við þessu nema með kjánaskap. Gústaf Nielsson sagðist ekki myndi kaupa piparkökur af Thunberg fyrir utan stórmarkað ef hún væri að selja slíkar. Halldór Jónsson kallaði Gretu „fatlaða“ og Hannes Hólmsteinn Gissurarson vísaði í barnakrossferð miðalda. Páll Vilhjálmsson toppaði allt með því að nefna Gretu í sömu andrá og Hitler og Breivik. „Greta er eins og klippt úr veggspjaldi frá Þýskalandi laust fyrir miðja síðustu öld. Arísk ásjóna römmuð inn með hárflettum á hvorri hlið.“

Tjörnesingar glata sjálfstæði
Hreppstjórn hefur viðurkennt að baráttan fyrir sjálfstæði er að tapast og sveitarfélagið þá gleypst af Norðurþingi árið 2022. Í tvisgang hafa Tjörnesingar streist á móti sameiningu, fyrst árið 2001 þegar 73 prósent þeirra, eða 32 kjósendur, kusu gegn sameiningu. Árið 2005 var sameining aftur felld, þá með 54 prósentum. Á þessum árum var talað um að Tjörnesingar ættu tvær milljónir í sparissjóðsbók, sem þeir vildu ekki að neinn kæmist í. Hvað ætli verði um bókina?
kristinnhaukur@frettabladid.is

Mælaborð mikilvægt í breytingum í þágu barna



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra.

Breytingar í þágu barna er yfirskrift ráðstefnu sem ég hef boðað til miðvikudaginn 2. október næstkomandi en þar verða fyrstu tillögur að nýju velferðarkerfi fyrir börn og fjölskyldur kynntar. Mikilvægur hlekkur í því kerfi er svokallað mælaborð sem ætlað er að varpa ljósi á velferð barna. Það hefur verið eitt af aðaláherslumálum mínum sem ráðherra að auka velferð barna og gera breytingar á kerfinu til þess að það þjóni börnunum okkar sem best. Ég setti mér það markmið strax í upphafi, hef röið að því öllum árum og nú er komið að vindi-punkti í þeirri vinnu.

Ég þykist vita að flestir hugsi breytingar þannig að þær eigi að vera til batnaðar. Hér er um að ræða mjög viðamiklar breytingar og til þess að vera viss um að þær skili árangri þótti mér nauðsynlegt að styðjast við mælitæki sem gæfi til kynna hvernig staðan er, hvaða breytinga er þörf og hvernig svo tekst til með þær aðgerðir sem framkvæmdar eru.

Í því skyni var í júní síðastliðinn samið um þróun mælaborðs sem ætlað er að tryggja betri yfirsýn yfir velferð barna. Aðilar sammingsins eru auk félagsmálaráðuneytisins, Kópavogsbær, UNICEF á Íslandi og hugbúnaðarfyriretækið Kara Connect. Mælaborðinu er ætlað að vinna og greina gögn í þeim tilgangi að mögulegt verði að sjá sem allra best á hvaða sviðum þurfi að bregðast við og hvort viðbrögðin skili tilætluðum árangri. Því er ætlað að tryggja rétta stýringu aðgerða og þar með betri nýtingu fjármuna.

Vonir standa til þess að í náinni framtíð muni mælaborðið geta nýst hverju og einu sveitarfélagi og þar með landinu öllu. Á ráðstefnunni 2. október verður mælaborðið kynnt frekar og gefst þátttakendum kostur á að leggja sitt af mörkum við að þróa það áfram. Auk þess verður farið yfir fyrirhugaðar kerfisbreytingar í þágu barna í heild. Fullt er á ráðstefnunna en áhugasömum er bent á að fylgjast með beinu streymi á vef Stjórnarráðsins.



Ég þykist vita að flestir hugsi breytingar þannig að þær eigi að vera til batnaðar.

ÖLL BRAUÐ Á
25%
AFSLÆTTI
ALLA MÁNUDAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefania Pálmadóttir
MARKAÐURINN: Hörður Ágísson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Kolbrunn Bergþórsdóttir kolbrunn@frettabladid.is
LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Arnason sfa@frettabladid.is

Við erum sammála þér, Greta

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



okkar á hugrekki þess minni í baráttunni við hina stóru. Barnið úr Nýju fótum keisarans er hér líka mætt til að segja okkur hvernig hlutirnir eru, í veröld þar sem enginn virðist ætla að segja neitt eða gera. Ofurstelpan Lína Langsokkur lyftir hér hesti sínum. Það er allt í þessu. Það glittir í Jöhönnu af Ör.

Næsti kafli

Ég held að það sé mikilvægt að horfast í augu við það að svona

virkar mannlífið. Auðvitað er Greta Thunberg ekki sú eina sem hefur áhyggjur af loftslagsbreytingum. Milljónir manna um allan heim hafa miklar áhyggjur. Til eru þjóðarleiðtogar sem telja ekkert mikilvægara en umhverfismál og vísindamenn sem vinna dag og nótt við að finna lausnir. Einu sinni fór Al Gore um veröldina og flutti erindi fyrir troðfullum sölum. Faðir minn var með umhverfismál á heilanum á efri árum. Ég sjálfur – og ég hugsa að

þetta gildi um gríðarlega marga aðra – mun láta áherslur í umhverfismálum algjörlega ráða atkvæði mínu í næstu þingkosningum. Ég myndi kjósa hreinan græningjaflokk, kæmi hann fram. Viðureignin við hamfarahlýnun er einfaldlega langmikilvægasta viðfangsefni samtímans. Sífellt fleira fólk áttar sig á þessu og lífsstílsbreytingar eru að skjóta rótum á öllum sviðum samfélagsins. Við keppum við tímann. Vonandi vinnum við.

Það sem ég vildi því sagt hafa við Gretu Thunberg er þetta: Mikið óendanlega getum við verið þakklát þér fyrir að hafa fornað æsku þinni og unglingsárum til þess að hreyfa við heimsbyggðinni. Ég held að undir niðri lúmi önnur saga sem ekki síður mun hreyfa við fólki. Hún er sú hvað margir eru í liði með þér. Þegar fjöldinn vaknar og brýst fram eins og herir Gandálfs úr suðri í stríðinu við Orkana í Hringadróttinssögu. Það er næsti kafli.

Ég held að för Gretu Thunberg til Bandaríkjanna verði lengi í minnum höfð. Kannski fer frammistaða hennar á fundi Sameinuðu þjóðanna í sögubækurnar sem einn af þessum viðburðum sem hafa haft einhvers konar úrslitaáhrif á þróun heims mála. Að því gefnu að það verði yfir höfuð sögubækur í framtíðinni. Eða heims mál.

Hér er hún vissulega í húfi, sem slík. Framtíðin. Það þarf ekki að fjölyrða um það hversu mikil ógn við mannkyn hamfarahlýnunin er. Hvort sem ríkisstjórnir lýsa yfir formlegu neyðarástandi eða ekki er óþarfi að velkjast í vafa. Aðgerðir þarf og það fljótt. Annars fer allt til fjadans.

Þessar myndir greiptust í hugann: Greta að láta leiðtoga heimsins heyra það. Sextán ára stelpa í uppnámi. Hvernig vogið þið ykkur? Og hin augljósa viðurstyggð Gretu á Trump. Svipur hennar þegar hún stóð við hliðina á honum fangaði tilfinningu milljóna gagnvart þeim þrjóti.

Frumkrafturinn sprakk í andlitið á leiðtogum heims. Raunveruleikinn barði í borðið, án allra formlegheita og fundarskapa, í líki sextán ára stelpu með fléttu. Boðskapurinn ofureinfaldur en lagður fram á grunni allra bestu vísinda og vitneskju.

Nú þarf að hysja upp um sig brækurnar.

Líf hennar

Eitt sló mig í reiðilestri Gretu. Hún fór skilmerkilega yfir það hversu ósanngarnt það væri að hún, unglingsurinn, gæti ekki átt áhyggjulaust líf. Hún gæti ekki farið í skólann eins og aðrir unglingar, heldur þyrfti hún að verja tíma sínum í að reyna að afstýra því að framtíð hennar og jafnaldra hennar yrði rænt. Hún þyrfti að skröpa í skólanum. Efna til mótmæla. Fara um heiminn. Halda upplýsta reiðilestra. Sparka í rassinn á þjóðarleiðtogum. Yggla sig við Bandaríkjaforseta.

Þá fór ég að hugsa eins og líklega urmull annarra: Auðvitað er þetta ekki sanngarnt. Baráttan fyrir framtíð mannkyns og lífvænlegum skilyrðum á jörðu getur ekki verið á herðunum á sextán ára unglingi. Það er eiginlega fáránlegt þegar maður hugsar út í það. Greta Thunberg þarf að fara að komast í skólann. Hún þarf að fá að hanga með vinum sínum. Stara á símann sinn í frímínútum. Fara á ball. Stunda íþróttir. Fara í bíó. Taka til í herberginu sínu.

Sagan mikilvæga

En svona er þetta. Mannfólk lifir í skáldskap. Til þess að hlutir gerist þarf áhrifamikil saga að vera sögð. Það að miðaldra karl í flauelsbuxum og þrjónavesti hafi varið ævi sinni við að rannsaka loftslagsbreytingar og haldi síðan langt yfirvegað erindi með slæðusýningu á ráðstefnu er ekki krassandi saga. Hundrad þannig sögur eiga sér stað á hverjum degi og hreyfa við fáum. Fólk dottar. Og ef maðurinn brjálaðist og héldi tilfinningaþrungna eldmessu yrði það líklega heldur ekki góð saga. Æ, slappaðu af, yrði sagt. Hver ert þú?

Það, hins vegar, að sextán ára krakki frá Svíþjóð taki kastid á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, það er góð saga. Veruleikinn nær skáldlegum hæðum. Klassísk minni sem alltaf munu hreyfa við fólki birtast hér kristaltær. Davíð glímur við Goliát og upp gýs rötsterk aðdáun

Baðinnréttingar



Höfum á lager flest

allt fyrir baðherbergið

Opið virka daga frá 9 til 18

laugardaga 11 til 14

Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



INNRETTINGAR
& TÆKI

Gerir enn gæfumun þrátt fyrir mótlæti

Brasilíski knattspyrnumaðurinn Neymar gerði allt sem í hans valdi stóð til þess að yfirgefa herbúðir franska stórveldisins PSG í sumar. Það tókst ekki og stuðningsmenn franska liðsins tóku honum ekkert sérstaklega vel í upphafi leiktíðarinnar.

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn umdeildi, Neymar, fór ekki í neinar felur með það eftir að síðasta keppnistímabili lauk að hann þráði það heitt að komast burt frá franska stórveldinu PSG.

Barcelona reyndi allt sem í þeirra valdi stóð til þess að sækja stórstjórnuna aftur til Katalóníu en eftir langar og strangar samningaviðræður varð niðurstaðan sú að Neymar yrði um kyrrt hjá PSG.

Eftir að í ljós kom að Barcelona myndi ekki klófesta framherjann ákvað Neymar að fara í hart við spænska stórveldið og krafðist þess að Barcelona myndi greiða sér bónus sem hann taldi sig eiga inni hjá félaginu. Forráðamenn Barcelona telja hins vegar að eftir að Neymar yfirgaf félagið og gekk til liðs við PSG hafi ákvæði samningsins við Brasilíumanninn um bónusgreiðsluna fallið úr gildi. Málið verður útljád í réttarsal.

Stuðningsmenn PSG voru eðlilega ekki sáttir við framgöngu Neymar og þankagang hans í garð félagisins og hafa baulað á hann í fyrstu leikjum hans með liðinu á tímabilinu. Neymar skoraði sigurmark PSG í 1-0 sigri gegn Bordeaux um helgina. Nú er svo komið að Neymar hefur tryggt PSG sigur í síðustu þremur deildarsignum liðsins.

Telur að ástríðan muni líta dagsins ljós á nýjan leik

Hann kom meiddur til liðs við leikmannahóp PSG eftir sumarfrí og var fjarri góðu gamni í fyrstu leikjum liðsins.

Neymar hefur svo skorað þrjú mörk í þeim fjórum leikjum sem hann hefur spilað eftir að hann hristi af sér meiðslin. Þrátt fyrir að Neymar hafi tryggt PSG níu af þeim átján liðum sem liðið hefur innbyrt virðast stuðningsmenn Parísarliðsins ekki hafa fyrirgefið honum og halda áfram að baula.

„Ég er hérna staddur til þess að aðstoða PSG eins mikið og ég get. Ég er í vinnu sem íþróttamaður hjá félaginu og mun gefa allt sem ég á til þess að PSG fari með sigur af hölmum í þeim leikjum sem ég spila fyrir félagið.

Við getum vonandi fagnað saman og lyft bikurum í lok tímabilsins. Þetta er eins og samband með kærustu sem þú ert ekki í samskiptum við í einhvern tíma. Síðan kemur ástríðan aftur og allt verður eðlilegt á ný,” segir Neymar í samtali við L'Équipe um samband sitt við stuðningsmenn PSG eftir sigurleikinn gegn Bordeaux um helgina.

» Neymar hefur skorað sigurmörk fyrir PSG í þremur af þeim fjórum deildarleikjum sem hann hefur spilað fyrir liðið á yfirstandandi leiktið. Þrátt fyrir það er hann í ónáð hjá stuðningsmönnum liðsins.

Mörk og sigrar í Meistaradeild Evrópu gætu lagað stöðuna

Athygliin hefur verið mikil á lífi Neymar utan vallar síðustu ár. Hann hefur líkt og fleiri launaháir leikmenn lent í stappi við spænsk skattayfirvöld, hann var kærður fyrir nauðgun fyrr á þessu ári og þá hefur leikstill hans farið verulega á taugarnar á andstæðingum hans.

Eftir að PSG féll úr leik í Meistaradeild Evrópu fyrir Manchester United í 16 liða úrslitum keppinnar síðasta vor jós hann svo úr skálum reiði sinnar og fékk fyrir þann reiðlestur þriggja leikja bann í keppinni sem hann situr af sér í fyrstu leikjum riðlakeppinnar.

Nauðgunarkæran á hendur Neymar hefur verið látin niður falla og búið er að leysa úr ágreiningi hans við skattayfirvöld á Spáni með sektargreiðslu hans.

Nú er spurningin hvort Neymar nái að vinna stuðningsmenn PSG á sitt band eftir því sem liður á leiktíðina. Stuðningsmenn liðsins eru orðnir vanir velgengni heima fyrir eftir mikla sigurgöngu þar síðasta áratuginn tæpan þar sem liðið hefur orðið franskur meistari sex sinnum og jafn oft bikarmeistari. Eigendur liðsins og stuðningsmenn þess vilja hins vegar sjá liðið gera betur í Meistaradeild Evrópu en síðustu ár.

Takist Neymar að gera gæfumuninn þegar hann er búinn að sitja af sér leikbannið í Meistaradeildinni er líklegt að baulið muni umbreytast í sigurhróp þegar það fer að vora á næsta ári. Annars þarf hann að gera meira inni á vellinum og sýna frekari merki um trygð sína og hollustu við félagið til þess að breyta stemningunni hjá stuðningsmönnum. hjorvaro@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

●● Síðustu vikur hafa ekki verið auðveldar fyrir Neymar en nú er komin sú niðurstaða að hann ætli að vera hjá okkur og nú verðum við að horfa fram á veginn. Við þurfum að koma jafnvægi á nokkra hluti en þetta er allt í réttu áttina. Lífið er gott hjá Neymar í París.

Thomas Tuchel
knattspyrnustjóri
PSG

Neymar

Er fæddur þann 5. febrúar árið 1992 í Sao Paulo. Hann hafði mikið dálæti á futsal og götufótbolta í æsku líkt og margir samlandar hans og má sjá merki þess á leikstil hans. Neymar steig sin fyrstu skref með Santos en hefur svo leikið með Barcelona og PSG á ferli sínum og unnið fjölmarga titla með liðum sínum.

●● Ég er hérna staddur til þess að aðstoða PSG eins mikið og ég get. Við getum vonandi fagnað saman og lyft bikurum í lok tímabilsins. Þetta er eins og samband við kærustuna sem þú ert ekki í samskiptum við lengi. Síðan kemur ástríðan aftur og allt verður eðlilegt á nýjan leik.

Neymar

Ótrúlegt verð á skrifstofuhúsgögnum



Vnr: NEOVENTILO-D-SV

ISENSKA/ISA/IS PEN 20275 09/19

NEO DESIGN®

Ventilo skrifborðsstóllinn

- Hæðarstilling
- Stillanlegur stuðningur við mjóhrygg
- Samhæfð stilling setu og baks fylgir hreyfingum notandans
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd
- Dýptarstillanleg seta

- Hæðarstillanlegir armar
- Mjúk eða hörð hjól
- Bólstruð seta og netbak
- Svartur hjólakross
